

Hætti Góðtemplarareglan og islenskir ungentemplarar að starfa á Íslandi, þá ráðstafar umboðsmaður Hástúku I. O. G. T. í samráði við ríkisstjórn Íslands rekstri stofnunarinnar í þágu bindindisstarfs í landinu, en jafnskjótt og framangreindir aðilar, annar eða báðir, hefja starf á ný, skal þeim afhent stofnunin aftur til umráða.

## 13. gr.

Skipulagsskrá þessi verður ekki breytt nema a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hluti atkvæða í framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stjórn Umdæmisráðs íslenskra ungentplara hvors um sig séu með breytingunni, og Stórtemplarar samþykki. Þá þarf og samþykki ríkisvaldsins til þess að breytingin öðlist gildi.

## 14. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir sumarheimili templara, nr. 228 9. okt. 1964 (Stj.tið. B, bls. 363—365).

## 15. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt með öllum atkvæðum á fundi í framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 hinn 3. febrúar 1969.

F. h. framkvæmdanefndarinnar

Ólafur Jónsson, Halldór Sigurgeirsson,  
umdæmistemplar. umdæmisritari.

Er samþykkur framanritaðri skipulagsskrá.

Ólafur Þ. Kristjánsson,  
stórtemplar.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 174/1968.

## 1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatnsskattur, samkvæmt 1. og 2. gr., skal innheimtast mánaðarlega, að einum tólfta hluta hverju sinni, með notkunargjöldum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. apríl 1969.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*